

Fundargerð 419

Laugardaginn 20. september 2014 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Aðalstræti 63, Patreksfirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Anna Guðrún Björnsdóttir varamaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Kristján Þ. Halldórsson starfsmaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Sigurður Ingi Jóhannsson atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og Helga Sigurrós Valgeirsdóttir aðstoðarmaður ráðherra sátu fundinn undir dagskrárliðum 1-2.

Karl Björnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:00 og bauð stjórnarmenn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra velkominn. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ráðherra kemur á fundinn – kynning
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 204
4. Starfs- og rekstraráætlun 2015 – undirbúningur
5. Brothættar byggðir
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 417 og 418. Fundargerðirnar samþykktar og dreift til undirritunar.

2. Ráðherra kemur á fundinn – kynning

AÐ hafði kynningu á lánasafni og helstu verkefnum stofnunarinnar.

Almennar umræður urðu um stöðu stofnunarinnar og verkefni sem stofnunin sinni. Ráðherra ræddi margvísleg í verkefnum Byggðastofnunar og lýsti metnaði fyrir hönd stofnunarinnar og ánægju með störf hennar. Hann hvatti stofnunina til að sýna frumkvæði í verkefnum t.d. varðandi mögulegt hlutverk Byggðastofnunar gagnvart sparisjóðunum og í fleiri málum. Einnig hvatti hann til þess að kannaðir verði möguleikar á því að gera lán til landbúnaðar enn hagstæðari og markvissari en nú er.

Ráðherra og HSV viku af fundi.

3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014

AÐ fór yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun og fór yfir stöðu rekstrar 31. ágúst sl. Almennur rekstrarkostnaður er yfir áætlun en von er á að hann verði skv. áætlun í árslok. Vegna aukinna verkefna er þörf á að bæta við starfsfólki.

4. Starfs- og rekstaráætlun 2015 – undirbúningur

AP ræddi undirbúning að starfsáætlun vegna ársins 2015. Hugmyndir komu fram um að sníða starfsáætlun í kringum verkefni Byggðastofnunar skv. byggðaáætlun. Rætt var um samstarf við sparisjóði, byggðakvóta og lán til landbúnaðar.

5. Brothættar byggðir

KPH fór yfir stöðu verkefnisins Brothættar byggðir, verkefnið til þessa og ábendingar sem komið hafa fram. Þá ræddi hann um verkefnistillögu vinnuhóps Byggðastofnunar og ILDIS um áfangaskiptingu verkefna og möguleika á því að koma á mótis við þau byggðarlög sem þegar hafa sótt um að taka þátt, miðað við þá fjármuni sem ætlaðir eru til verkefnisins samkvæmt byggðaáætlun.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerðir lánanefndar nr. 20/14, 21/14 og 22/14

AP fór yfir fundargerðirnar.

7. Önnur mál

ÁS óskaði eftir því að varamaður verði kallaður inn fyrir hana á næsta fund.

Formaður taldi Byggðaráðstefnuna hafa tekist vel. Þeir sem komu hafi verið ánægðir. Ákveðið var að halda aðra ráðstefnu að ári á Breiðdalsvík.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 17. október nk. á Þórshöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:46

Magnús Helgason fundarritari
